

Lánasjóður sveitarfélaga ohf.

Ársreikningur 2010

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra	2
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	5
Efnahagsreikningur	6
Eiginfjáryfirlit	7
Sjóðstreymi	8
Skýringar og sundurliðanir	9-25

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Lánveitingar og lántökur

Útborguð langtímalán á árinu námu 6.378 milljónum króna samanborið við 8.410 milljónir króna árið áður.

Sjóðurinn hefur aldrei tapað útláni frá því að hann hóf starfsemi árið 1967 og hefur því engan afskriftareikning útlána í bókum sínum. Sjóðurinn tekur veð í tekjum sveitarfélaga gegn þeim lánum sem hann veitir sveitarfélögum og félögum í þeirra eigu. Sjóðurinn beitti veði sínu einu sinni á árinu og í kjölfarið gerði viðkomandi lántaki upp vanskil sín við sjóðinn. Vanskil við undirritun þessa ársreiknings voru engin.

Lán þau sem sjóðurinn veitir af eigin fé sínu eru verðtryggð miðað við vísitölu neysliverðs og eru uppgreiðanleg. Vextir þeirra eru breytilegir en þeir voru 4,25% allt árið. Endurlán eru með sömu grunnkjörum og lántökur að viðbættu 0,05% vaxtaálagi til að koma til móts við rekstrarkostnað. Lánasjóðurinn hefur að jafnaði ekki verið með teljandi gjaldeyris- eða vaxtaáhættu í rekstri sínum. Við hrun bankanna 2008 lokuðust gjaldeyrisvarnir sem sjóðurinn var með og er því óvarin gjaldeyrisstaða í lok ársins 635 m.kr. samanborið við 2.648 m. kr. í árslok 2009.

Á árinu fóru fram skuldabréfaútböð á innlendum skuldabréfamarkaði til að afla fjár til endurlána að fjárhæð samtals 8.562 milljónir króna að nafnvirði. Skuldabréfin hafa verið tekin til viðskipta í NASDAQ OMX Iceland hf. Einnig fékk sjóðurinn greitt út lán að andvirði 15 milljónir evra frá Þróunarbanka Evrópu (CEB), sem er óráðstafað í árslok.

Afkoma og efnahagur

Hagnaður ársins nam 1.248 milljónum króna miðað við 1.656 milljónir króna árið 2009 og var í samræmi við væntingar sjóðsins. Lækkun hagnaðar milli ára skýrist aðallega af lægri vöxtum og verðbólgu samanborið við 2009 en þó kemur gengishagnaður á móti til hækkunar.

Niðurstaða efnahagsreiknings í árslok 2010 var 73.735 milljónir króna á móti 70.524 milljónum króna í árslok 2009. Útlán sjóðsins námu 62.381 milljónum króna í lok ársins samanborið við 65.048 á sama tíma árið áður en rýrnun safnsins skýrist af styrkingu krónunnar auk þess sem afborganir eldri lána voru umfram veitt lán á árinu. Eigið fé í árslok nam 14.178 milljónum króna á móti 12.930 milljónum króna í árslok 2009 og hefur aukist um 9,7% á árinu.

Vegið eiginfjárlutfall samkvæmt Basel II um eigið fé fjármálafyrirtækja er 78%.

Hluthafar sjóðsins eru 76 talsins en hann er í eigu sveitarfélaga landsins. Reykjavíkurborg er eini hluthafinn sem á umfram 10% í sjóðnum með 17,5% hlut.

Stjórn og framkvæmdastjóri meta sjóðinn rekstrarhæfan og er ársreikningurinn lagður fram á grundvelli þess.

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Yfirlýsing

Lánasjóður sveitarfélaga hefur farið yfir dóm Hæstaréttar, sem kveðinn var upp þann 16. júní sl., þar sem íslensk gengistryggð lán voru dæmd ólöglegt. Það er mat lánasjóðsins, að höfðu samráði við lögfræðinga sjóðsins, að almennt bendi ekkert til þess að þau erlendu lán sem lánasjóðurinn hefur endurlánað til sveitarfélaga séu í andstöðu við ákvæði laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar er ársreikningur sjóðsins saminn í samræmi við alþjóðlega reikningskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og ákvæði ársreikningalaga nr. 3/2006 og gefur hann að mati stjórnar glögga mynd af eignum og skuldum, fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu sjóðsins vegna ársins 2010.

Samkvæmt mati stjórnar felst í ársreikningi og skýrslu stjórnar glögg yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri sjóðsins á árinu 2010, stöðu hans í árslok 2010 ásamt því að gerð er grein fyrir helstu áhættu- og óvissuþáttum sem sjóðurinn stendur frammi fyrir.

Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2010 með undirritun sinni.

Reykjavík, 8. mars 2011

Magnús B. Jónsson
stjórnarformaður

Svanfríður Inga Jónasdóttir

Kristinn Jónasson

Elliði Vignisson

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir

Óttar Guðjónsson
framkvæmdastjóri

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Lánasjóðs sveitarfélaga

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. fyrir árið 2010. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2010, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 5. tl. 1. mgr. 106 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 8. mars 2011

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu ársins 2010

	Skýr.	Ársuppgjör	
		2010	2009
Vaxtatekjur og verðbætur		4.113.311.637	6.687.510.948
Vaxtagjöld og verðbætur		(3.016.954.039)	(4.861.170.954)
Hreinar vaxtatekjur	5	<u>1.096.357.598</u>	<u>1.826.339.994</u>
Hrein (gjöld) tekjur veltufjáreigna	6	(26.124.431)	75.977.451
Hrein gjöld af fjáreignum tilgreindum á gangvirði	7	(216.494)	(67.624.095)
Hreinn gjaldeyrismunur	8	<u>321.433.656</u>	<u>(46.182.181)</u>
Aðrar rekstrartekjur (gjöld)		<u>295.092.731</u>	<u>(37.828.825)</u>
Hreinar rekstrartekjur		1.391.450.329	1.788.511.169
Laun og launatengd gjöld	9	45.384.427	43.162.579
Lífeyriskostnaður	9	10.079.375	704.313
Kostnaður vegna skuldabréfaútgáfu	10	27.854.291	31.652.994
Árgjöld og eftirlitsgjöld FME		12.753.773	3.563.000
Annar rekstrarkostnaður	10	46.105.222	52.024.890
Afskriftir	16	<u>1.195.628</u>	<u>1.195.628</u>
Almennur rekstrarkostnaður		<u>143.372.716</u>	<u>132.303.404</u>
Hagnaður og heildarhagnaður ársins		<u><u>1.248.077.613</u></u>	<u><u>1.656.207.765</u></u>
Hagnaður á hlut			
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut	11	0,25	0,33

Efnahagsreikningur 31. desember 2010

	Skýr.	Ársuppgjör	
		2010	2009
Eignir			
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	12	8.969.736.222	5.358.120.732
Kröfur á lánastofnanir	13	2.331.565.093	40.510.645
Útlán og kröfur	14	62.381.281.528	65.047.779.527
Skammtímaútlán		0	8.256.250
Veltufjáreign - afleiður		0	13.325.970
Fjáreignir tilgreindar á gangvirði	15	329.079	1.443.357
Rekstrarfjármunir	16	51.411.980	52.607.607
Aðrar eignir		941.987	2.077.771
Eignir samtals		73.735.265.889	70.524.121.859
Skuldir			
Verðbréfaútgáfa	17	39.806.886.488	34.794.336.531
Aðrar langtímalántökur	18	18.160.976.640	21.983.633.294
Skammtímalántökur	19	1.532.327.435	0
Veltufjárskuld - afleiður		0	13.325.970
Skuld við sveitarfélög	20	0	750.000.000
Aðrar skuldir	21	3.298.722	4.576.997
Lífeyrisskuldbinding	22	54.105.946	48.656.022
Skuldir samtals		59.557.595.231	57.594.528.814
Eigið fé			
Hlutfé		5.000.000.000	5.000.000.000
Lögbundinn varasjóður		1.250.000.000	1.250.000.000
Óráðstafað eigið fé		7.927.670.658	6.679.593.045
Eigið fé samtals	23	14.177.670.658	12.929.593.045
Skuldir og eigið fé samtals		73.735.265.889	70.524.121.859

Eiginfjáryfirlit fyrir árið 2010

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Breytingar á eigin fé 2009				
Eigið fé 1. janúar 2009	5.000.000.000	1.250.000.000	5.023.385.280	11.273.385.280
Hagnaður ársins			1.656.207.765	1.656.207.765
Eigið fé 31. desember 2009	<u>5.000.000.000</u>	<u>1.250.000.000</u>	<u>6.679.593.045</u>	<u>12.929.593.045</u>
Breytingar á eigin fé 2010				
Eigið fé 1. janúar 2010	5.000.000.000	1.250.000.000	6.679.593.045	12.929.593.045
Hagnaður ársins			1.248.077.613	1.248.077.613
Eigið fé 31. desember 2010	<u>5.000.000.000</u>	<u>1.250.000.000</u>	<u>7.927.670.658</u>	<u>14.177.670.658</u>

Sjóðstreymi ársins 2010

Skýr.	Ársuppgjör	
	2010	2009
Rekstrarhreyfingar		
Hagnaður ársins	1.248.077.613	1.656.207.765
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:		
Afskriftir	16 1.195.628	1.195.628
Afskriftir gangvirðiseigna	0	112.895.696
Verðbætur og gengismunur	(368.116.030)	(562.091.913)
Lífeyrisskuldbinding, breyting	21 5.449.924	(4.733.609)
Söluhagnaður, gangvirðisbreytingar afleiðusamninga	463.571	(75.977.451)
Skammtímalán veitt, nettó	7.500.000	1.407.500.000
Skammtímalán tekin, nettó	1.531.598.233	0
Aðrar eignir, lækkun (hækkun)	1.135.784	(1.558.699)
Aðrar skuldir, lækkun	(1.278.275)	(717.268)
Handbært fé frá rekstri	2.426.026.448	2.532.720.149
Fjárfestingarhreyfingar		
Kröfur á lánastofnanir, breyting	0	243.041.442
Veitt langtímalán	(6.377.887.899)	(8.409.214.426)
Innheimt langtímalán	8.009.895.988	6.744.192.845
Fjáreignir á gangvirði, breyting	650.707	3.672.193
	1.632.658.796	(1.418.307.946)
Fjármögnunarhreyfingar		
Lántaka	9.929.398.540	8.191.683.755
Afborganir langtímalána	(7.335.413.845)	(6.314.370.675)
Afleiðusamningar, breyting	0	(22.651.827)
Greiðsla til sveitarfélaga	20 (750.000.000)	(750.000.000)
	1.843.984.695	1.104.661.253
Hækkun á handbæru fé	5.902.669.939	2.219.073.455
Handbært fé í ársbyrjun	5.398.631.376	3.179.557.921
Handbært fé í ársbyrjun	11.301.301.315	5.398.631.376
Aðrar upplýsingar		
Fengnir vextir	2.642.802.440	3.203.809.348
Greiddir vextir	(1.873.876.730)	(2.084.780.023)

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. er opinbert hlutafélag í eigu íslenskra sveitarfélaga. Lánasjóðurinn er lánaþyrirtæki, sem starfar eftir hlutafélagalögum og lögum um fjármálaþyrirtæki og er undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Meginhlutverk lánasjóðsins er að tryggja íslenskum sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum lánsfé á hagstæðum kjörum með veitingu lána eða ábyrgða. Útlán hans takmarkast við verkefni sem hafa almenna efnahagslega þýðingu.

Lánasjóður sveitarfélaga er með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur sjóðsins er að Borgartúni 30, Reykjavík.

Lánasjóðurinn hefur gefið út skuldabréf sem eru skráð í NASDAQ OMX Iceland hf. og er viðskiptavakt með hluta bréfanna.

Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. samþykkti ársreikning sjóðsins þann 8. mars 2011.

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Helstu reikningsskilaaðferðir sem beitt var við gerð þessa ársreiknings eru tilgreindar hér á eftir. Þessum aðferðum var beitt á samræmdan hátt á öll tímabilin sem birt eru í reikningsskilunum, nema annað sé tekið fram.

2.0 Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Ársreikningur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

2.1 Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsaðferð að því undanskildu að afleiðusamningar og skammtímaverðbréf eru færð á gangvirði.

2.2 Mat og ákvarðanir

Gerð ársreikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að notaðar séu tiltekna aðferðir við reikningshaldslegt mat. Stjórnendur sjóðsins þurfa jafnframt að ákvarða notkun tiltekinn reikningsskilaaðferða. Sérstaklega er greint frá þessum aðferðum í skýringu nr. 3.

Nýir reikningsskilastaðlar og túlkanir á þeim sem hafa ekki verið innleiddar

Sjóðurinn hefur tekið upp alla alþjóðlega reikningsskilastaðla, breytingar á þeim og túlkanir sem Evrópusambandið hefur staðfest í árslok 2010 og eiga við um starfsemi hans. Sjóðurinn hefur ekki tekið upp staðla, breytingar á stöðlum eða túlkanir sem taka gildi eftir árslok 2010, en heimilt er að taka upp fyrr. Áhrif þess á reikningsskil sjóðsins hafa verið metin óveruleg.

2.3 Umreikningur á erlendum gjaldmiðlum

(a) Starfsrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum sem er bæði starfsrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill sjóðsins.

(b) Viðskipti og stöður

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð í starfsrækslugjaldmiðil á því gengi sem er í gildi á viðskiptadegi. Hagnaður eða tap, sem stafa af uppgjöri slíkra viðskipta og af umreikningi eða gengi peningalegra eigna og skulda í erlendra mynt í lok ársins, er færð í rekstrarreikning.

2.4 Starfsþáttayfirlit

Vegna eðli starfsemi lánasjóðsins skiptist starfsemi hans ekki í mismunandi starfsþætti.

2.5 Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikning með aðferð virkra vaxta fyrir alla vaxtaberandi fjármálagerninga nema þá sem tilgreindir hafa verið á gangvirði.

Aðferð virkra vaxta byggist á því að reiknað er upphaflegt bókfært verð fjáreignar eða fjárskuldar og vaxtatekjum eða vaxtagjöldum dreift á viðeigandi tímabil. Virkir vextir er sú ávöxtunarkrafa sem núvirðir áætlað sjóðstreymi yfir áætlaðan líftíma fjármálagernings eða styttra tímabil, eftir því sem við á, þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignar eða fjárskuldar í efnahagsreikningi. Þegar hlutfall virkra vaxta er reiknað áætlað sjóðurinn sjóðstreymi með tilliti til allra samningsþátta fjármálagernings en tekur ekki tillit til mögulegs útlánataps í framtíðinni. Útreikningurinn tekur til allra gjalda og greiðslna á milli aðila að samningnum, sem eru hluti af hlutfalli virkra vaxta sem og viðskiptakostnaði, yfirverði og afföllum.

2.6 Afleiður

Afleiður eru upphaflega færðar á gangvirði á þeim degi sem afleiðusamningurinn er gerður og eftir það á gangvirði hverju sinni. Gangvirði miðast við markaðsverð á virkum mörkuðum og tekur tillit til nýlegra markaðsviðskipta og viðurkenndra matsaðferða, sem meðal annars eru afvöxtuð sjóðsflæðislíkön og virðislíkön valréttarsamninga eftir því sem við á.

Besti mælikvarðinn um gangvirði afleiðu við upphaflega færslu er viðskiptaverðið, þ.e. gangvirði endurgjaldsins sem reitt er af hendi eða móttekið, nema að gangvirði gerningsins miðist við verð sambærilegra viðskipta með svipaða gerninga. Einnig getur gangvirði miðast við eða verið reiknað á grunni virðislíkana.

Innbyggðar afleiður, sem geta falist í ýmsum fjármálagerningum, eru aðskildar og færðar sérstaklega þegar hagræn einkenni þeirra og áhætta eru ekki nátengd móðurgerningnum og hann er ekki tilgreindur á gangvirði með breytingum í rekstrarreikningi. Þessar innbyggðu afleiður eru færðar á gangvirði með breytingum í rekstrarreikningi og í árslok var markaðsvirði afleiðanna núll.

2.7 Fjármálagerningar

Lánasjóðurinn skipar fjáreignum sínum í eftirfarandi flokka: veltufjáreignir, fjáreignir tilgreindar á gangvirði með breytingum í rekstrarreikningi, útlán og kröfur. Flokkun fjárfestinga er ákvörðuð við upphaflega færslu í reikningsskilin.

(a) Veltufjáreignir

Fjáreign er færð í þennan flokk ef megin tilgangurinn er að selja eignina innan skamms tíma. Afleiður eru einnig flokkaðar sem veltufjáreignir nema þær séu skilgreindar sem áhættuvörn.

(b) Fjáreignir tilgreindar á gangvirði með breytingum í rekstrarreikningi

Fjáreignir eru færðar á gangvirði með breytingum í rekstrarreikningi skv. eftirfarandi:

- Vissar fjárfestingar eru færðar á gangvirði með breytingum í rekstrarreikningi í samræmi við skráða áhættustýringu eða fjárfestingastefnu.
- Fjármálagerningar, svo sem skuldabréf útgefin af sjóðnum, innihalda innbyggðar afleiður og geta haft veruleg áhrif á sjóðsflæði.

Slíkar fjáreignir eru færðar á gangvirði og breytingar á þeim færðar í rekstrarreikningi. Ekki er mögulegt að breyta síðar flokkun þeirra fjáreigna sem hafa verið settar í þennan flokk eftir upphaflega færslu.

2.7 Fjármálagerningar frh.

(c) Útlán og kröfur

Útlán og kröfur eru fjáreignir með föstum eða skilgreindum gjalddögum og eru ekki skráðar á virkum markaði. Til þeirra stofnast þegar sjóðurinn greiðir fjármuni beint til skuldara án þess að til standi að selja kröfuna.

Útlán og kröfur eru bókfærðar á kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta. Áfallnir vextir eru færðir sem hluti af bókfærðu verði útlána og krafna.

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og nettófjárhæðin færð í efnahagsreikning þegar fyrir liggur hvort tveggja lagalegur réttur til að jafna saman og ætlunin er að gera gerningana upp samtímis á nettógrunni.

Lántökur eru upphaflega færðar á gangvirði, sem er fjárhæð lánsins við útgáfu að frádrögnum lántökukostnaði. Eftir það eru lán færð á upphaflegu kostnaðarverði miðað við virka vexti.

Til handbærs fjár í sjóðstreymi teljast innstæður í Seðlabanka og öðrum lánastofnunum.

2.8 Virðisrýrnun útlána og krafna

Við hver reikningskil metur lánasjóðurinn hvort hlutlæg merki séu um að virði útláns eða safns útlána hafi rýrnað. Samkvæmt lögum nr.150/2006 um lánasjóðinn er honum eingöngu heimilt að lána sveitarfélögum eða stofnunum þeirra og fyrirtækjum til að fjármagna verkefni sem hafa almenna efnahagslega þýðingu. Skilyrði fyrir því að lánasjóðurinn veiti lán til fyrirtækja og stofnana sveitarfélaga er að þau séu að öllu leyti í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs sem beri ábyrgð á skuldbindingum þeirra gagnvart lánasjóðnum.

Þá er sveitarfélögum heimilt skv. 3. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 að setja tekjur sínar að veði sem tryggingu fyrir lánum sem það tekur eða fyrir ábyrgðum sem það veitir lánasjóðnum, sbr. einnig reglugerð um tryggingar Lánasjóðs sveitarfélaga í tekjum sveitarfélags nr. 123/2006. Stefna lánasjóðsins er að krefjast slíks veðs sem tryggingar fyrir lánum.

Lánasjóðurinn hefur aldrei tapað útláni frá því að hann hóf starfsemi árið 1967 og hefur því engan afskriftareikning útlána í bókum sínum.

2.9 Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádrögnum afskriftum. Upphaflegt kostnaðarverð felur í sér kostnað sem rekja má beint til kaupa á þessum eignum.

Kostnaður sem fellur til eftir upphafleg kaup er einungis eignfærður þegar líklegt er að efnahagslegur ávinningur í framtíðinni muni renna til sjóðsins og unnt er að meta kostnaðarverðið með öruggum hætti. Viðhald og viðgerðir eru gjaldfærð í rekstrarreikning á því tímabili sem til þeirra er stofnað.

Afskriftir eru reiknaðar með beinlínuaðferð til að dreifa kostnaði þeirra að frádrögnum niðurlagsverði á nýtingartíma þeirra með eftirfarandi hætti:

Húseignir 50 ár

Niðurlagsverð eigna og nýtingartími er endurskoðað á hverju tímabili og leiðrétt ef það á við. Fyrnanlegar eignir eru skoðaðar með tilliti til virðisrýrnunar í hvert sinn sem atvik eða breyttar aðstæður benda til þess að bókfært verð kunnri að vera lægra en áætlað endurheimtanlegt virði. Endurheimtanlegt virði er annað hvort gangvirði eignar að frádrögnum sölukostnaði eða notkunarvirði hvort sem hærra er. Bókfært verð eignar er afskrifað niður í endurheimtanlegt virði ef bókfært verð hennar er hærra.

Söluhagnaður eða -tap af rekstrarfjármunum er mismunur á söluverði fjármunar og bókfærðu verði hans á söludegi. Söluhagnaður og -tap er fært í rekstrarreikning.

Fasteignamat í árslok nam 43,9 milljónum og brunabótamat 65,8 milljónum króna.

2.10 Lífeyrisskuldbinding

Á lánasjóðnum og samstarfsstofnunum hvílir lífeyrisskuldbinding vegna þeirra starfsmanna sem hafa átt og eiga aðild að B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Skuldbinding lánasjóðsins er færð til skuldar í efnahagsreikningi í samræmi við útreikning tryggingastærðfræðings. Útreikningur miðar við sömu tryggingarfræðilegu forsendur og notaðar eru við úttekt á B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, þar á meðal 2% raunvexti og lífslíkur samkvæmt reynslu árána 2004-2008. Miðað er við 65 ára ellilífeyrisaldur starfandi sjóðfélaga við útreikning lífeyrisskuldbindingar.

2.11 Hlutfé

Í desember 2006 voru samþykkt á Alþingi lög um stofnun opinbers hlutfélags um Lánasjóð sveitarfélaga. Á stofnfundi félagsins var samþykkt að nafnverð hlutfjár skyldi verða 5.000 milljónir króna. Félagið er í eigu íslenskra sveitarfélaga og eru eignarhlutir einstakra sveitarfélaga skilgreindir í lögum nr. 150/2006.

2.12 Samanburðarfjárhæðir

Þar sem nauðsynlegt er, hafa samanburðarfjárhæðir verið lagfærðar til samræmis við breytta framsetningu á rekstrarárinu.

2.13 Skattamál

Samkvæmt lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt er lánasjóðurinn undanþeginn greiðslu tekjuskatts. Samkvæmt lögum nr. 94/1996 um fjármagnstekjuskatt er lánasjóðurinn undanþeginn slíkum skatti. Samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 er lánasjóðurinn undanþeginn stimpilgjaldi.

3. Mikilvæg atriði sem varða reikningshaldslegt mat

Skráning eigna og skulda með tilliti til næsta reikningsárs er byggð á mati stjórnenda sjóðsins. Stöðugt er farið yfir slíkt mat með hliðsjón af reynslu og öðrum þáttum svo sem framtíðarvæntingum sem taldar eru eðlilegar miðað við aðstæður. Slíkt reikningshaldslegt mat er í eðli sínu sjaldan í samræmi við raunverulega niðurstöðu. Veruleg hættu er á því að matsaðferðir geti valdið verulegri breytingu á bókfærðri fjárhæð eigna og skulda innan næsta fjárhagsárs. Sem dæmi um það er mat á gangvirði fjármálagerninga. Gangvirði fjármálagerninga sem ekki eru skráðir á virkum markaði er ákvarðað með ýmsum viðurkenndum matsaðferðum. Matsaðferðir (líkön) eru prófaðar og yfirfarnar reglulega af hæfum og/eða óháðum aðila þegar þær eru notaðar til að ákvarða gangvirði.

4. Áhættustýring

4.1 Almenn stefna

Sem lánafyrirtæki stendur lánasjóðurinn í rekstri sínum frammi fyrir ýmsum tegundum áhættu. Eitt af meginverkefnum stjórnenda hans er að meta þá áhættu, stýra henni og halda innan fyrirfram skilgreindra marka. Þættir í skilvirkri áhættustjórnun eru greining helstu áhættuþátta, mæling áhættu, viðbrögð til að takmarka áhættuna og reglubundið eftirlit. Markmið áhættustýringar lánasjóðsins er að greina alla helstu áhættuþætti sem fylgja starfsemi hans, innleiða aðferðir til að fylgjast með þeim, meta þá reglulega, og viðhalda eftirliti og reglum til að halda viðkomandi áhættuþáttum innan skilgreindra viðmiða.

4.1 Almenn stefna frh.

Stjórn lánasjóðsins setur reglur um áhættustýringu hans og ber ábyrgð á því gagnvart eigendum að þeim sé framfylgt. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á áhættustýringu lánasjóðsins gagnvart stjórninni. Hann gerir tillögur til stjórnar um nánari reglur um hana, skilgreinir áhættuviðmið eftir því sem þörf krefur og hefur eftirlit með því að reglunum sé framfylgt.

Lánasjóðurinn hefur fengið undanþágu frá rekstri endurskoðunardeildar samkvæmt leiðbeinandi tilmælum FME nr. 4/2003. Í þeim tilmælum er kveðið á um hvernig innri endurskoðun skal fara fram og er aðalhlutverk innri endurskoðunar að fylgjast með starfseminni til að tryggja að reglum sé framfylgt í samræmi við samþykktir stjórnarinnar. Stjórn lánasjóðsins gerir samning um árlega úttekt á innra eftirliti lánasjóðsins í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins til að framfylgja ofangreindu hlutverki.

Lánasjóðurinn er milligönguaðili milli íslenskra sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra annars vegar og fjármálamarkaða, innlendra sem erlendra hinsvegar. Meginmarkmið sjóðsins er að tryggja fyrrgreindum aðilum lánsfé á hagstæðum kjörum. Útlánaáhætta er því helsti áhættuþátturinn í rekstri sjóðsins en áhættuþættir eins og lausafjáraáhætta, mótaðilaáhætta og rekstraráhætta koma einnig til í starfseminni. Markaðsáhætta er haldið í lágmarki en hún er þó til staðar í formi vaxtaáhættu og gjaldmiðlaáhættu.

4.2 Stefna varðandi einstaka áhættuþætti

Útlánaáhætta lánasjóðsins er bundin við íslensk sveitarfélög og ríkissjóð. Lánasjóðurinn lánar eingöngu sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum. Skilyrði fyrir lánveitingu til fyrirtækja og stofnana sveitarfélaga er að þau séu alfarið í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs sem beri ábyrgð á skuldbindingum þeirra gagnvart sjóðnum.

Í 3. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga er sveitarfélögum heimilað að veita lánasjóðnum veð í tekjum sínum sem tryggingu fyrir lánnum sem þau taka hjá sjóðnum og ábyrgðum sem það veitir. Stefna lánasjóðsins er að krefjast slíks veðs í tekjum.

Lausafjáraáhætta er hættan á að lánasjóðurinn geti ekki staðið við skuldbindingar sínar þegar þær gjaldfalla. Lánasjóðurinn hefur sett sér reglur varðandi lausafjárstöðu og fjármögnun og er þeim ætlað að tryggja og viðhalda sveigjanleika. Meginreglan er að gefa ekki bindandi lánsloforð til væntanlegra lántaka fyrr en fjármögnun þeirra lána liggur fyrir. Þá er hluta af eigin fé haldið í ávöxtun til mjög skamms tíma til að tryggja stöðugan aðgang að lausu fé og þar með sveigjanleika.

Mótaðilaáhætta utan útlánaáhættu er takmörkuð við ríkissjóð og aðila með ábyrgð hans og ennfremur innlendar fjármálastofnanir sem hafa starfsleyfi frá FME, en þó ekki meira en 25% af eigin fé þeirra. Áhætta á erlenda fjármálastofnun skal vera samþykkt af stjórn. Mótaðilaáhætta kemur til vegna fjáreigna og afleiðusamninga.

Varðandi *rekstraráhættu* er stefna lánasjóðsins að hafa skriflega og skýra verkferla varðandi alla helstu starfsþætti í rekstrinum og vinna með stöðluð form lánssamninga. Þá hefur stefna lánasjóðsins verið að útvísta skrifstofuþjónustu og dreifa verkþáttum þannig á fleiri hendur til að minnka áhættu. Rekstur lánasjóðsins er tiltölulega einfaldur og rekstraráhætta því takmörkuð. Fjöldi viðskiptavina er takmarkaður og þeir fremur einsleitir. Samtals eru 61 sveitarfélög með lán frá lánasjóðnum og 31 fyrirtæki sveitarfélaga en lánssamningar eru um 830 talsins.

Varðandi *vaxtaáhættu* er stefna sjóðsins að halda jafnvægi milli eftirstöðvatíma vaxtaberandi eigna og skulda og einnig fastra og breytilegra vaxta. Útlán eru því að öllu jöfnu á sömu grunnkjörum og fjármögnun þeirra að því er varðar lánstíma, endurgreiðsluferil, vaxtakjör að teknu tilliti til vaxtaálags, vaxtagreiðsludaga og endurskoðunardaga vaxtaálags. Þá eru verðtryggð lán sem fjármögnuð eru af eigin fé með breytilegum vöxtum sem lánasjóðurinn getur breytt einhliða.

Ekki er heimilt að festa fé lánasjóðsins í hlutabréfum, hrávörum eða fjármálagerningum sem tengdir eru verðþróun á þeim.

4.2 Stefna varðandi einstaka áhættuþætti frh.

Stefna lánasjóðsins varðandi *gjaldmiðlaáhættu* er að samræmi sé milli eigna og skulda í erlendum myntum þannig að gjaldmiðlaáhætta skapist ekki. Misræmi eigna og skulda skal að jafnaði ekki vera meira en 4% af eigin fé í hverri mynt fyrir sig og ekki meira en 6% fyrir heildargjaldeyrissjófnuð.

4.3 Útlánaáhætta

Útlánaáhætta verður til með veitingu útlána, fjárhæð kemur fram í bókfærðu verði safnsins í efnahagsreikningi.

4.3.1 Ferli við veitingu útlána

Farið er yfir lánsúmsóknir með tilliti til þess hvort lántaki uppfylli skilyrði til lánveitingar og ennfremur hvort verkefnið sem fjármagna á hafi almenna efnahagslega þýðingu. Ítarlegt mat er framkvæmt á umsækjendum og ábyrgðaraðilum þeirra, stöðu þeirra og þróunarmöguleikum. Öll lánamál koma til kasta stjórnar, annaðhvort til ákvörðunar eða kynningar, samkvæmt útlánareglum sem stjórnin hefur sett og hægt er að nálgast samantekt þeirra á heimasíðu sjóðsins.

4.3.2 Útlánasafnið

Eins og fram hefur komið takmarkast útlánaáhætta við íslensk sveitarfélög. Sveitarfélögin hafa reynst traustir greiðendur og hefur aldrei orðið tap á útláni frá því að lánasjóðurinn hóf starfsemi árið 1967. Engin vanskil voru í lok ársins 2010. Sveitarfélögin eru nú 76 talsins en þeim hefur farið fækkandi á undanförunum árum og staða þeirra sem lántakendur gagnvart lánasjóðnum því styrkst. Nú eru 61 þeirra lántakendur hjá lánasjóðnum. Sveitarstjórnarlögin mynda traustan ramma um starfsemi sveitarfélaganna, m.a. geta íslensk sveitarfélög ekki orðið gjaldþrota en ákvæði eru í lögum um aðkomu ríkisvaldsins ef fjárhagslegir erfiðleikar koma upp hjá sveitarfélagi.

Í árslok var enginn viðskiptamaður flokkaður sem viðskiptamaður með stóra áhættuskuldbindingu hjá lánasjóðnum. Viðskiptamenn eru skilgreindir með stórar áhættuskuldbindingar ef heildarskuldbindingar fara yfir 10% af eiginfjárgrunni. Tíu stærstu lántakendurnir eru með um 54% af heildarútlánnum sjóðsins. Hámarksáhætta skv. lögum á einn aðila má ekki fara upp fyrir 25% af eiginfjárgrunni sjóðsins.

4.3.3 Virðisrýrnun útlána

Lánasjóðurinn starfar eftir þröngum skilyrðum til lánveitinga sem hefur stuðlað að því að lánasjóðurinn hefur aldrei þurft að afskrifa vegna lána til sveitarfélaga eða félaga í þeirra eigu frá því að hann hóf starfsemi árið 1967. Mat á útlánaáhættu hefur því aldrei leitt til virðisrýrnunar útlánasafnsins og lánasjóðurinn hefur því engan afskriftarreikning vegna mögulegra útlánatapa í bókum sínum. Þar að auki hefur sjóðurinn góðar tryggingar þar sem sveitarfélögum er heimilað, skv. 3. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga, að veita lánasjóðnum veð í tekjum sínum sem tryggingu fyrir lánnum sem það tekur hjá sjóðnum og ábyrgðum sem þau veita.

4.3.4 Hámark mótaðilaáhættu

Eftirfarandi tafla sýnir mestu mögulegu mótaðilaáhættu sjóðsins í árslok 2010 og 2009. Eignir í efnahagsreikningi eru hreinir eignaliðir eins og þeir koma fram í efnahagsreikningi.

	Hámark mótaðilaáhættu	
	31.12.2010	31.12.2009
Staða mótaðilaáhættu vegna liða í efnahagsreikningi er eftirfarandi í m.kr.:		
Útlán og kröfur á sveitarfélög og fyrirtæki þeirra	62.381	65.048
Veltufjáreign - afleiður	0	13
Skuldabréf	0	1
Kröfur á lánastofnanir	2.332	41
Aðrar eignir	1	2
Samtals mótaðilaáhætta	64.714	65.105

4.3.5 Útlánaeftirlit

Framkvæmdastjóri hefur eftirlit með mótaðilaáhættu. Fylgst er reglulega með stöðu lána og vanskila. Á árinu 2010 beitti sjóðurinn veði sínu í tekjum einu sinni og í kjölfarið gerði viðkomandi lántaki upp vanskil sín við sjóðinn.

4.4 Lausafjánhætta

Lánasjóðurinn mælir, reiknar og fylgist með lausafjárstöðu sinni með greiningu á gjalddögum fjáreigna og fjárskulda til að geta örugglega endurgreitt allar skuldir á gjalddaga. Lánasjóðurinn þarf alltaf að hafa nægjanlegt laust fé til að geta mætt greiðsluskuldbindingum. Eftirfarandi töflur sýna greiðsluflæði fyrir fjáreignir og fjárskuldir miðað við samningsbundnar endurgreiðslur, ekki er tekið tillit til vaxtauppreiknings, affalla og lántökugjalda.

Staða 31.12.2010 í m.kr.

	0-1 mánuðir	1 til 3 mánuðir	3 til 12 mánuðir	1 til 5 ár	Yfir 5 ár	Samtals
Fjáreignir						
Handbært fé	11.301					11.301
Útlán	12	1.709	6.720	19.622	33.567	61.630
Samtals fjáreignir	11.313	1.709	6.720	19.622	33.567	72.931
Fjárskuldir						
Skammtímaskuldir	1.532					1.532
Lántökur	18	4.124	5.132	18.232	31.783	59.289
Samtals fjárskuldir	1.550	4.124	5.132	18.232	31.783	60.821
Nettó eignir - skuldir	9.763	(2.415)	1.588	1.390	1.784	12.110

Staða 31.12.2009 í m.kr.

	0-1 mánuðir	1 til 3 mánuðir	3 til 12 mánuðir	1 til 5 ár	Yfir 5 ár	Samtals
Fjáreignir						
Handbært fé og bundin innlán	5.399					5.399
Skammtímaútlán	8					8
Verðbréf	1					1
Útlán	48	2.321	5.546	22.551	33.897	64.364
Samtals fjáreignir	5.456	2.321	5.546	22.551	33.897	69.772
Fjárskuldir						
Lántökur	64	4.142	3.018	22.245	28.765	58.235
Skuld við hluthafa			750			750
Samtals fjárskuldir	64	4.142	3.768	22.245	28.765	58.985
Nettó eignir - skuldir	5.393	(1.821)	1.777	306	5.132	10.787

4.4 Lausafjárahætta frh.

Greiðsluferill fjáreigna og fjárskulda án vaxta eftir mynt í m.kr. 31.12.2010.

	Verðtryggt ISK	Óverðtr. ISK	EUR	USD	JPY	Aðrar myntir	Samtals
Fjáreignir							
Árið 2011	4.632	9.184	5.104	781	26	15	19.742
Árið 2012	4.212		855	118	26	15	5.226
Árið 2013	3.953		855	118	26	15	4.967
Árið 2014	3.751		855	118	26	15	4.765
Árið 2015	3.650		855	118	26	15	4.664
Yfir 5 ár	27.017		5.326	779	151	294	33.567
Samtals fjáreignir	47.215	9.184	13.850	2.032	281	369	72.931
Fjárskuldir							
Árið 2011	3.729	1.532	4.773	772			10.806
Árið 2012	3.781		2.427	236			6.444
Árið 2013	2.747		1.039	98			3.884
Árið 2014	2.786		1.039	98			3.923
Árið 2015	2.844		1.039	98			3.981
Yfir 5 ár	26.240		5.127	416			31.783
Samtals fjárskuldir	42.127	1.532	15.444	1.718	0	0	60.821

Greiðsluferill fjáreigna og fjárskulda eftir mynt í m.kr. 31.12.2009.

	Verðtryggt ISK	Óverðtr. ISK	EUR	USD	JPY	Aðrar myntir	Samtals
Fjáreignir							
Árið 2010	5.165	6.488	1.268	362	25	15	13.324
Árið 2011	4.181	200	3.259	850	25	15	8.531
Árið 2012	3.753		1.000	128	25	15	4.922
Árið 2013	3.488		1.000	128	25	15	4.656
Árið 2014	3.274		1.000	128	25	15	4.442
Yfir 5 ár	25.212		7.229	972	167	317	33.897
Samtals fjáreignir	45.074	6.688	14.756	2.568	294	392	69.772
Fjárskuldir							
Árið 2010	3.448	1.090	3.087	350			7.975
Árið 2011	3.249		5.440	838			9.527
Árið 2012	3.286		2.554	256			6.096
Árið 2013	2.263		931	106			3.299
Árið 2014	2.286		931	106			3.323
Yfir 5 ár	22.705		5.502	558			28.765
Samtals fjárskuldir	37.236	1.090	18.444	2.215	0	0	58.985

4.5 Vaxtaáhætta

Lánasjóðurinn fylgist reglulega með vaxtanæmni útlána og fjármögnunar miðað við líftíma þeirra. Hluti útlána er fjármagnaður með eigin fé lánasjóðsins sem kemur fram í töflunni hér á eftir þannig að útlánin eru hærri en fjármögnunin sem nemur þeirri fjárhæð eigin fjár sem notuð er til fjármögnunar útlána. Fjárhæðir hér að neðan taka ekki tillit til vaxtauppreiðnings, affalla og lántökugjalda.

Flokkun fjáreigna og fjárskulda sjóðsins m.v. 31.12.2010 eftir vaxtabindingartíma, í m.kr.

Fjáreignir	0-1 ár	1-5 ár	5-10 ár	Yfir 10 ár	Samtals
ISK óverðtryggt	9.184				9.184
ISK verðtryggt	7.502	2.476	4.915	32.322	47.215
EUR	13.850				13.850
USD	2.032				2.032
JPY	281				281
CHF	192				192
SEK	71				71
CAD	62				62
GBP	44				44
Samtals fjáreignir	33.218	2.476	4.915	32.322	72.931
Fjárskuldir					
ISK óverðtryggt	1.532				1.532
ISK verðtryggt	0	2.228	4.337	35.562	42.127
EUR	15.444				15.444
USD	1.718				1.718
Samtals fjárskuldir	18.694	2.228	4.337	35.562	60.821

Flokkun fjáreigna og fjárskulda sjóðsins m.v. 31.12.2009 eftir vaxtabindingartíma, í m.kr.

Fjáreignir	0-1 ár	1-5 ár	5-10 ár	Yfir 10 ár	Samtals
ISK óverðtryggt	6.688				6.688
ISK verðtryggt	9.853	465	5.227	29.528	45.074
EUR	14.756				14.756
USD	2.568				2.568
JPY	294				294
CHF	198				198
SEK	75				75
CAD	67				67
GBP	52				52
Samtals fjáreignir	34.552	465	5.227	29.528	69.772
Fjárskuldir					
ISK óverðtryggt	1.090				1.090
ISK verðtryggt	235	3.249	3.885	29.867	37.236
EUR	18.444				18.444
USD	2.215				2.215
Samtals fjárskuldir	21.984	3.249	3.885	29.867	58.985

Vaxtanæmni

Greining á nettóvaxtanæmni miðað við meðaltalslíftíma sýnir að 1 prósentustigs hækkun á vöxtum hækkar hreinar vaxtatekjur lánasjóðsins um 186 milljónir króna eða 1,31% af eigin fé.

Verðbólguáhrif	31.12.2010	31.12.2009
Verðtryggðar eignir	47.215	45.074
Verðtryggðar skuldir	42.127	37.236
Nettó verðbólguáhrif	5.088	7.838

4.6 Gjaldmiðlaáhætta

Eins og kemur fram í skýringu nr. 4.2 er meginstefna lánasjóðsins að hafa sem mest jafnvægi milli eigna hans og skulda í erlendum gjaldmiðlum. Við greiðslustöðvun Glitnis banka hf. í nóvember 2008 féllu niður útistandandi gjaldeyrissafleiðusamningar við bankann sem hafði áhrif á gjaldeyrisvarnir sjóðsins. Í töflunni hér á eftir er yfirlit yfir gjaldeyrisstöðu lánasjóðsins, ekki er tekið tillit til vaxtauppreiknings, affalla og lántökugjalda.

Gjaldeyriseignir og –skuldir í m.kr. 31.12.2010

	EUR	USD	JPY	Aðrar myntir	Samtals
Fjáreignir					
Handb.fé og bundin innlán	2.317				2.317
Útlán	11.533	2.032	281	369	14.215
Samtals fjáreignir	13.850	2.032	281	369	16.532
Fjárskuldir					
Lántökur	15.444	1.718			17.162
Samtals fjárskuldir	15.444	1.718	0	0	17.162
Nettó eignir - skuldir	(1.594)	314	281	369	(630)

Gjaldeyriseignir og –skuldir í m.kr. 31.12.2009

	EUR	USD	JPY	Aðrar myntir	Samtals
Fjáreignir					
Útlán	14.756	2.568	294	392	18.010
Samtals fjáreignir	14.756	2.568	294	392	18.010
Fjárskuldir					
Lántökur	18.444	2.214			20.659
Samtals fjárskuldir	18.444	2.214	0	0	20.659
Nettó eignir - skuldir	(3.688)	354	294	392	(2.649)

Skýringar

5. Hreinar vaxtatekjur	1.1. -31.12.2010	1.1. -31.12.2009
Vaxtatekjur og verðbætur		
Útlán og kröfur	3.716.704.933	6.276.428.975
Handbært fé og skammtímakröfur	396.606.704	397.193.890
Verðbréf	0	13.888.083
	<u>4.113.311.637</u>	<u>6.687.510.948</u>

Vaxtagjöld og verðbætur		
Verðbréfaútgáfa og aðrar lántökur	3.016.954.039	4.861.170.954

6. Hrein (gjöld) tekjur veltufjáreigna	1.1. -31.12.2010	1.1. -31.12.2009
Gangvirðisbreytingar	(26.124.431)	75.977.451

7. Hrein (gjöld) tekjur af fjáreignum tilgreindum á gangvirði	1.1. -31.12.2010	1.1. -31.12.2009
- Skuldabréf	0	41.846.626
- Niðurfærsla skuldabréfs útgefið af SPRON	0	(112.895.696)
- Peningamarkaðsbréf	(216.494)	3.424.975
	<u>(216.494)</u>	<u>(67.624.095)</u>

8. Hreinn gjaldeyrismunur	1.1. -31.12.2010	1.1. -31.12.2009
Útlán	(2.273.811.212)	980.630.913
Lántökur	2.582.984.090	(982.078.595)
Kröfur á lánastofnanir	12.260.778	(44.734.499)
	<u>321.433.656</u>	<u>(46.182.181)</u>

9. Laun og launatengd gjöld

Í lok ársins unnu 3 starfsmenn hjá sjóðnum. Sjóðurinn hefur gert þjónustusamning við Samband íslenskra sveitarfélaga um kaup á ýmsum rekstrar- og þjónustupáttum og er sá kostnaður færður meðal annars rekstrarkostnaðar.

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	1.1. -31.12.2010	1.1. -31.12.2009
Laun	40.840.842	39.896.080
Lífeyriskostnaður	10.079.375	704.313
Önnur launatengd gjöld	4.543.585	3.266.499
	<u>55.463.802</u>	<u>43.866.892</u>

9. Laun og launatengd gjöld (framhald)

Laun og þóknanir til stjórnar og framkvæmdastjóra greinast þannig:	1.1. -31.12.2010	1.1. -31.12.2009
Óttar Guðjónsson, framkvæmdastjóri	16.775.028	15.999.423
Þorsteinn Þorsteinsson, fráfarandi framkvæmdastjóri	0	1.520.588
Stjórnarmenn:		
Magnús B Jónsson, stjórnarformaður	998.952	915.702
Kristinn Jónasson	665.964	610.464
Svanfríður Inga Jónasdóttir	665.964	610.464
Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir	665.964	499.470
Jónmundur Guðmarsson	554.970	610.464
Elliði Vignisson	166.491	0
Anna Skúladóttir	0	160.941
Páll Dagbjartsson	0	49.947
	<u>3.718.305</u>	<u>3.457.452</u>

10. Annar rekstrarkostnaður

Kostnaður vegna skuldabréfaútgáfu	1.1. -31.12.2010	1.1. -31.12.2009
Viðskiptavakt	21.000.002	24.000.000
Gjöld vegna verðbréfaútgáfu	2.430.954	4.378.892
Árlegur kostnaður vegna skuldabréfa	4.423.335	3.274.102
	<u>27.854.291</u>	<u>31.652.994</u>

Annar rekstrarkostnaður

Þjónustusamningur við Samband íslenskra sveitarfélaga	13.971.756	15.192.996
Tölvur og tölvukerfi	11.381.183	10.087.606
Endurskoðun og tengd þjónusta	6.953.227	13.462.657
Rekstur húsnæðis	4.177.408	5.158.292
Sérfræðiþjónusta	2.677.500	3.066.300
Ferðakostnaður	1.811.548	2.116.080
Rekstrarvörur og skrifstofuáhöld	1.706.559	850.125
Gestamóttaka og risna	987.931	676.695
Önnur rekstrargjöld	2.438.110	1.414.139
	<u>46.105.222</u>	<u>52.024.890</u>

11. Hagnaður á hlut

Hagnaður á hlut greinist þannig:	1.1. -31.12.2010	1.1. -31.12.2009
Hagnaður ársins	1.248.077.613	1.656.207.765
Vegið meðaltal hlutafjár á árinu	5.000.000.000	5.000.000.000
Hagnaður á hlut	<u>0,25</u>	<u>0,33</u>

12. Sjóður og innstæður í Seðlabanka

	31.12.2010	31.12.2009
Óbundnar innstæður í Seðlabanka	4.464.438.722	5.358.120.732
Innstæðubréf Seðlabanka Íslands	4.505.297.500	0
	<u>8.969.736.222</u>	<u>5.358.120.732</u>

Sjóður og innstæður í Seðlabanka ásamt kröfum á lánastofnanir mynda handbært fé í lok ársins í samræmi við sjóðstreymi að fjárhæð samtals 11.301 milljónir.

13. Kröfur á lánastofnanir

	31.12.2010	31.12.2009
Bankareikningar	<u>2.331.565.093</u>	<u>40.510.645</u>

14. Útlán og kröfur

	31.12.2010	31.12.2009
Útlán og kröfur greinast þannig:		
Útlán í erlendri mynt	14.226.690.016	18.045.240.989
Verðtryggð útlán	47.954.492.623	45.721.329.137
Óverðtryggð útlán	200.098.889	1.289.465.651
	<u>62.381.281.528</u>	<u>65.056.035.777</u>

15. Fjáreignir tilgreindar á gangvirði

	31.12.2010	31.12.2009
Hlutdeildarskírteini	<u>329.079</u>	<u>1.443.357</u>

Lánasjóðurinn var með útistandandi afleiðusamninga við Glitni banka hf. þegar hann fór í greiðslustöðvun í nóvember 2008 og við það stöðvuðust greiðslur milli lánasjóðsins og Glitnis banka á þeim samningum sem þá voru í gildi. Útistandandi nettó krafa lánasjóðsins á hendur þrotabús Glitnis banka hf. var að fjárhæð 1.472 milljónir í árslok 2008. Þessi krafa var færð niður í núll í ársreikningi lánasjóðsins 2008 vegna óvissu um greiðslur frá Glitni banka hf. vegna samninganna og stendur enn í núll. Heildarkröfu að fjárhæð 5.631 milljónir var lýst í þrotabú Glitnis banka í nóvember 2009 og hefur lánasjóðnum ekki borist svar frá skilaneftnd Glitnis banka vegna kröfu þessarar að öðru leyti en að móttaka hefur verið staðfest.

Skuldabréf útgefið af SPRON var fært að fullu niður í bókum sjóðsins á árinu 2009 eða sem nam 113 milljónum króna. Kröfu að fjárhæð 144 milljónum var lýst í þrotabú SPRON þann 21. janúar 2010. Samkvæmt kröfuhafalista SPRON sem dagsettur var 10. mars 2010 var samþykkt fjárhæð kröfu 135 milljónir króna. Óvíst er með endurheimtur.

16. Rekstrarfjármunir

Árið 2009:

Bókfært verð í ársbyrjun	53.803.235
Afskriftir	(1.195.628)
Bókfært verð í árslok	<u>52.607.607</u>

Bókfært verð í árslok 2009 greinist þannig:

Kostnaðarverð	59.781.371
Samsafnaðar afskriftir	(7.173.764)
Bókfært verð í árslok	<u>52.607.607</u>

Árið 2010:

Bókfært verð í ársbyrjun	52.607.607
Afskriftir	(1.195.628)
Bókfært verð í árslok	<u>51.411.979</u>

Bókfært verð í árslok 2010 greinist þannig:

Kostnaðarverð	59.781.371
Samsafnaðar afskriftir	(8.369.392)
Bókfært verð í árslok	<u>51.411.979</u>

Fasteignamat í árslok nam 43,9 milljónum og brunabótamat 65,8 milljónum króna.

17. Verðbréfaútgáfa

	Vegin meðaltals vaxtaþrósentia*		Staða	Staða
	2010	2009	31.12.2010	31.12.2009
Óskráð skuldabr.útg., lokagj. 2013	5,00%	5,00%	50.926.054	66.133.173
LSS '03, lokagjalddagi 2018	5,17%	5,17%	809.035.157	893.101.066
LSS '04, lokagjalddagi 2019	4,08%	4,08%	1.620.139.768	1.753.142.565
LSS '05 3A+B, lokagjalddagi 2010	-	-	0	548.947.533
LSS '05-1, lokagjalddagi 2012	4,16%	4,16%	2.228.232.268	3.247.558.219
LSS '05-2, lokagjalddagi 2022	4,30%	4,30%	6.363.828.325	6.699.966.476
LSS '05-4, lokagjalddagi 2020	4,11%	4,11%	989.021.511	1.040.558.152
LSS 150224, lokagjalddagi 2024	5,33%	5,53%	20.658.622.274	14.617.122.050
LSS '08 1, lokagjalddagi 2034	5,25%	5,44%	7.087.081.131	5.927.807.297
			<u>39.806.886.488</u>	<u>34.794.336.531</u>

* Vegin meðaltals vaxtaþrósentia er sett fram samkvæmt aðferð um virka vexti.

18. Aðrar lántökur

	Vegið meðaltals vaxtaálag		Staða	Staða
	2010	2009	31.12.2010	31.12.2009
EUR lán (EURIBOR + álag)	0,24%	0,27%	15.476.923.812	18.479.246.679
USD lán (LIBOR + álag)	0,13%	0,13%	1.720.480.247	2.219.689.966
ISK lán (verðtryggð)	6,09%	5,76%	963.572.581	1.284.696.649
			<u>18.160.976.640</u>	<u>21.983.633.294</u>
Þar af nýjar lántökur 2010				
EUR 15m, lokagjalddagi 2020 (LIBOR + álag)	0,41%		2.316.884.188	0

19. Skammtímalántökur

			Staða 31.12.2010	Staða 31.12.2009
ISK lán (óverðtryggð)	3,00%	-	1.532.327.435	0

20. Skuld við sveitarfélög

Samkvæmt ákvæði til bráðbirgða í lögum nr. 150/2006 um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga var samþykkt á ársfundi Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2006 sem haldinn var 23. mars 2007 að eigið fé lánasjóðsins yrði fært niður um 3 milljarða króna enda uppfyllir sjóðurinn þrátt fyrir lækkunina skilyrði laga um eiginfjárlutfall fjármálfyrirtækja og hefur nægilegt handbært fé til að standa við skuldbindingar sínar. Ráðstöfun þessi á eigin fé lánasjóðsins til sveitarfélaganna greiddist á árunum 2007 til 2010, 750 m. kr. ár hvert. Síðasti hluti þessarar skuldbindingar var greiddur til sveitarfélaganna þann 1. júlí 2010.

21. Aðrar skuldir

	31.12.2010	31.12.2009
Lánadrottinnar	1.285.917	2.731.057
Ógreidd launatengd gjöld	2.012.805	1.845.940
	<u>3.298.722</u>	<u>4.576.997</u>

22. Lífeyrisskuldbinding

Á Lánasjóði sveitarfélaga og samstarfsstofnunum hvílir lífeyrisskuldbinding vegna þeirra starfsmanna, sem hafa átt og eiga aðild að B-deild LSR. Tryggingafræðilegur útreikningur á lífeyrisskuldbindingunni hefur farið fram og er hún færð í ársreikninginn miðað við 2,0% ársvexti og lífslíkurlíkur skv. reynslu árunum 2004-2008. Miðað er við 65 ára ellilífeyrisaldur starfandi sjóðfélaga við útreikning skuldbindingarinnar.

Lífeyrisskuldbinding greinist þannig:	31.12.2010	31.12.2009
Frá fyrra ári	48.656.022	53.389.631
Greiddur lífeyrir á árinu	(329.785)	(1.518.583)
Hækkun (lækkun) skuldbindingar	5.779.709	(3.215.026)
	<u>54.105.946</u>	<u>48.656.022</u>

23. Eigið fé

Eigið fé í ársbyrjun	12.929.593.045
Hagnaður ársins	<u>1.248.077.613</u>
Eigið fé í árslok	<u>14.177.670.658</u>

Í lok tímabilsins nemur heildarhlutfé félagsins 5.000 milljónum króna. Eitt atkvæði fylgir hverri krónu nafnverðs.

Eigið fé í lok tímabilsins nam 14.178 milljónum króna eða 19% af niðurstöðu efnahagsreiknings. Í árslok 2009 var eiginfjárlutfall (CAD) reiknað út frá Basel II 67% samanborið við 78% nú en samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki má það ekki vera lægra en 8%.

Hlutfallið reiknast þannig:	Bókfærð staða	Vegin staða
		31.12.2010
Áhættugrunnur		
Bókfærðar eignir	73.735.265.889	13.689.661.566
Markaðsáhætta		1.589.670.000
Rekstraráhætta		2.819.398.062
Áhættugrunnur samtals	<u>73.735.265.889</u>	<u>18.098.729.628</u>
Eigið fé:		
Bókfært eigið fé	<u>14.177.670.658</u>	<u>14.177.670.658</u>
Eigið fé samtals	<u>14.177.670.658</u>	<u>14.177.670.658</u>
Eiginfjárlutfall (CAD)		78%

24. Venslaðir aðilar

Sjóðurinn hefur útvíkkað skilgreiningu á vensluðum aðilum sjóðsins í samræmi við túlkun FME. Venslaðir aðilar sjóðsins eru skilgreindir sem sveitarfélög, fyrirtæki og stofnanir í eigu sveitarfélaga sem tengjast stjórn og varastjórn sjóðsins og sveitarfélög og fyrirtæki þeirra sem eru á meðal 10 stærstu hluthafa sjóðsins. Þessi skilgreining er byggð á IAS 24. Upplýsingar um fyrirgreiðslu til venslaðra aðila eru sem hér segir:

	31.12.2010	31.12.2009
Staða 1. janúar	38.747.669.270	36.450.281.671
Ný lán.....	3.538.000.000	5.112.230.131
Afborganir lána.....	(5.409.060.389)	(5.413.571.976)
Aðrar breytingar.....	<u>(1.019.338.665)</u>	<u>2.598.729.444</u>
Staða 31. desember.....	<u>35.857.270.216</u>	<u>38.747.669.270</u>

Engin niðurfærsla hefur verið færð vegna lána til venslaðra aðila.

Engin óvenjuleg viðskipti hafa átt sér stað við venslaða aðila á árinu 2010.

25. Lánveitingar

Hér að neðan má sjá sundurliðun á árslokastöðu lána þeirra sveitarfélaga sem eru lántakar hjá lánasjóðnum. Ekki er tekið tillit til lántökugjalda hér að neðan. Samtals gerir þetta 57.025 m.kr. Auk þess hefur lánasjóðurinn veitt lán til fyrirtækja sem eru 100% í eigu sveitarfélaga að heildarfjárhæð 5.429 m.kr.

Sveitarfélag	Íbúafj. 31.12. '10	Fjárhæð m.kr.	Sveitarfélag	Íbúafj. 31.12. '10	Fjárhæð m.kr.
Hafnarfjarðarkaupstaður	26.100	7.045	Sveitarfélagið Garður	1.500	381
Kópavogsbær	30.800	5.920	Djúpavogshreppur	450	368
Sveitarfélagið Árborg	7.800	4.058	Rangárþing eystra	1.700	352
Fjarðabyggð	4.600	3.658	Sv.fél. Hornafjörður	2.100	349
Akureyrarkaupstaður	17.800	3.194	Húnaþing vestra	1.100	317
Fljótsdalshérað	3.400	2.229	Fjallabyggð	2.000	299
Reykjanesbær	14.000	2.223	Þingeyjarsveit	940	257
Sv.fél. Skagafjörður	4.100	1.911	Sveitarfélagið Ölfus	1.900	242
Ísafjarðarbær	3.800	1.887	Hrunamannahreppur	800	209
Akraneskaupstaður	6.600	1.863	Langanesbyggð	500	206
Sveitarfélagið Álftanes	2.500	1.737	Eyjarfjarðarsveit	1.000	203
Garðabær	10.900	1.513	Dalabyggð	680	187
Borgarbyggð	3.500	1.493	Skaftárhreppur	450	182
Sandgerðisbær	1.700	1.458	Mýrdalshreppur	470	164
Grindavíkurbær	2.800	1.419	Grímsnes- og Grafningsshr.	400	150
Mosfellsbær	8.600	1.252	Breiðdalshreppur	200	137
Reykjavíkurborg	118.900	996	Hörgársveit	600	136
Norðurþing	2.900	905	Seltjarnarneskaupstaður	4.300	120
Hveragerðisbær	2.300	898	Húnavatnshreppur	420	78
Stykkishólmurbær	1.100	829	Reykholahreppur	280	72
Grundarfjarðarbær	900	732	Tálknafjarðarhreppur	310	56
Snæfellsbær	1.700	711	Grýtubakkahreppur	330	36
Seyðisfjarðarkaupst.	670	584	Flóahreppur	590	32
Dalvíkurbyggð	2.000	569	Skeiða- og Gnúpverjahr.	500	31
Vesturbyggð	890	557	Súðavíkurhreppur	190	25
Rangárþing ytra	1.500	549	Kaldrananeshreppur	110	19
Blönduósbær	900	537	Strandabyggð	500	13
Bláskógabyggð	940	457	Sv.fél. Skagaströnd	530	9
Sveitarfélagið Vogar	1.200	419	Borgarfjarðarhreppur	140	3
Bolungarvíkurkaupstaður	890	407	Hvalfjarðarsveit	620	2
Vopnafjarðarhreppur	670	382			

Lánasjóðurinn hefur fengið skriflega heimild frá lántakendum sínum til birtingar upplýsinga um stöðu lána þeirra hjá sjóðnum. Þetta er til þess að geta birt í opinberum gögnum s.s. ársskýrslum og fyrir fjárfestum sundurliðaðar upplýsingar um útlán sjóðsins og hvernig þau skiptast á milli sveitarfélaga og félaga í þeirra eigu. Heimildarinnar var aflað í samræmi við 60. gr. laga um fjármálfyrirtæki, nr. 161/2002.